

Sp.

500. Fyrirspurnir.

[258. mál]

I. Til landbúnaðarráðherra um fiskeldistöð ríkisins í Kollafirði og fisksjúkdómanefnd.

Frá Pétri Sigurðssyni og Sverri Hermannssyni.

1. Hversu miklu fé hefur verið varið árlega úr ríkissjóði til uppbyggingar fiskeldistöðvar ríkisins í Kollafirði, frá árinu 1960 til ársloka 1977?
2. Hve háum upphæðum nema styrkir erlendra aðila til vísindalegra rannsókna við Kollafjarðarstöðina, og hvenær voru þeir veittir? Hafa niðurstöður slíkra rannsókna verið birtar hér á landi?
3. Hvert er magn þeirra seiða og hrogna, sem selt hefur verið til útlanda, til hvaða landa hefur magn þetta farið og hvert hefur einingarverð (pr. 1000) fiska og hrogna verið? Hefur nokkurn tíma staðið á heilbrigðisvottorðum vegna þessa útflutnings?
4. Hefur fisksjúkdómanefnd á að skipa vísindamönnum og aðstöðu til vísindalegra rannsókna fisksjúkdóma? Lætur nefndin rannsaka reglulega efnainnihald vatns í eldisstöðvum hér á landi? Ef svo er, hvenær hófust þær rannsóknir og hvar hafa þær verið framkvæmdar?
5. Hvaða vísinda- og rannsóknastofnanir eru til hér á landi sem hafa þekkingu og aðstöðu til þeirra rannsókna sem um er getið í 4. tölulið?
6. Hvað liður rannsókn fisksjúkdómanefndar á því, hvort regnbogasilungur hér á landi hafi sýkst af smitandi nýrnaveiki?

II. Til iðnaðarráðherra um nýja stofnlínu til Skagastrandar.

Frá Ragnari Arnalds.

Hafa ráðstafanir verið gerðar til að auka raforkuflutning til Skagastrandar með lagningu nýrrar stofnlínu í sumar vegna væntanlegrar loðnubræðslu á staðnum?